



43. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn 31. janúar 2008, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 18. janúar
 - b) Stjórnar SSNV 8. janúar
 - c) Aðalfundar Félagsþjónustu A-Hún 20. desember
 - d) Stjórnar Brunavarna A-Hún 18. janúar
 2. Erindi frá SSNV - Samantekt um fyrirkomulag og kostnað við refa og minkaveiðar á Norðurlandi vestra
 3. Erindi frá Landsskrifstofu Staðardagskrá 21 á Íslandi
 4. Erindi vegna þátttöku á kostnaði vegna aksturs
 5. Erindi frá Norðurlandsskógum
 6. Erindi frá UMFÍ
 7. Styrkbeiðni frá Feyki
 8. Styrkbeiðni SAMAN-hópsins
 9. Styrkbeiðni vegna íþróttiferðar
 10. Húsnæðismál
 11. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 18. janúar
Lögð fram til kynningar
 - b) Stjórnar SSNV 8. janúar
Lögð fram til kynningar
 - c) Aðalfundar Félagsþjónustu A-Hún 20. desember
Lögð fram til kynningar.
2. Erindi frá SSNV – Samantekt um fyrirkomulag og kostnað við refa- og minkaveiðar á Norðurlandi vestra
SSNV falið að kanna hvort áhugi sé hjá sveitarfélögum að samræma aðgerðir varðandi skipulagningu veiða

Bæjarráð styður samræmdar aðgerðir á svæðinu.
3. Erindi frá Landsskrifstofu Staðardagskrá 21 á Íslandi
Sveitarstjórnir hvattar til að taka Ólafsvíkuryfirlýsinguna til formlegrar umræðu og afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir að skrifa undir Ólafsvíkuryfirlýsinguna.



Ágúst Þór Bragason situr hjá við afgreiðslu málsins.

4. **Erindi vegna þátttöku á kostnaði vegna aksturs Ferlimál vegna fatlaðs einstaklings.**

Bæjarstjóra falið að ljúka málinu.

5. **Erindi frá Norðurlandsskógum Sveitarstjórnnum boðið að fá kynningu frá Norðurlandsskógum á stöðu og framtíðaráformum verkefnisins.**

Bæjarráð vísar erindinu til landbúnaðarnefndar.

6. **Erindi frá UMFÍ Auglýst er eftir umsóknum frá sambandsaðilum um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 13. Ungliðalandsmóts UMFÍ sem haldið verður verslunarmannahelgina 2010**

Erindið lagt fram til kynningar.

7. **Styrkbeiðni frá Feyki Feykir óskar eftir því við sveitarstjórnir á Norðurlandi vestra að styrkja útgáfu blaðsins um 40.000 kr. framlagi á mánuði til reynslu fram að áramótum 2008.**

Bæjarráð samþykkir að verða við styrkbeiðninni.

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson situr hjá við afgreiðslu málsins

8. **Styrkbeiðni SAMAN-hópsins Bæjarráð hafnar styrkbeiðninni.**

9. **Styrkbeiðni vegna íþróttiferðar Óskað er eftir styrk vegna landsliðsferðar til Rúmeníu.**

Bæjarráð samþykkir að veita kr. 15.000 í styrk.

10. **Húsnæðismál Farið yfir stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu**

11. **Önnur mál Miklar umræður urðu um atvinnumál.**

Heimasíðumál sveitarfélagsins rædd.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:20



Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Héðinn Sigurðsson (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Áheyrafulltrúi:

Valdimar Guðmannsson(sign.)